



VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

HOFÓS

TILLAGA OG GREINARGERÐ

Verndarsvæði í byggð. Hofsós. Tillaga og greinargerð, 2018

Forsíðumynd: Guðný Zoëga

Texti: Eyrún Sævarsdóttir, Guðný Zoëga, Sólborg Una Pálsdóttir, Sólveig Olga Sigurðardóttir

Ljósmyndir: Guðný Zoëga, Sigrún Fossberg Arnardóttir

Eldri myndir: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Þjóðminjasafn Íslands

Fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

Efnisyfirlit

1	Tillaga að verndarsvæði í byggð	2
1.1	Afmörkun verndarsvæðis	2
1.2	Verndarsvæðið og nógildandi skipulag	3
1.3	Rökstuðningur tillögu að verndarsvæði	3
1.4	Samráð.....	3
1.5	Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan verndarsvæðis	4
2	Lýsing á byggð og umhverfi	6
2.1	Saga og þróun byggðar	6
2.2	Staðfræði	13
2.2.1	Landfræðileg lega	13
2.3	Staðhættir og landslag	14
2.4	Opin svæði og gróður	14
2.5	Aðkomuleiðir og helstu aksturs- og gönguleiðir	15
2.6	Örnefni, þar með talin götunöfn	16
3	Greining á svipmóti byggðar.....	18
3.1	Svipmót landslags.....	19
3.1.1	Sjónásar – útsýnisstaðir - kennileiti.....	19
3.2	Svipmót bygginga	20
3.2.1	Aldursdreifing	20
3.2.2	Byggingarefni.....	21
3.2.3	Húsagerð.....	21
3.3	Ráðandi þættir.....	24

4	Varðveislumat og verndarflokkar.....	27
4.1	Verndarflokkar samkvæmt lögum um menningarminjar	27
4.1.1	Staða verndunar húsa	27
4.1.2	Staða verndunar fornleifa	27
4.2	Verndarflokkar – verndarsvæði í byggð	29
4.2.1	Varðveislugildi húsa.....	30
4.2.2	Varðveislugildi fornleifa	34
4.3	Niðurstöður varðveislumats.....	37
5	Verndun og uppbygging	38
5.1	Möguleikar til uppbyggingar	38
5.2	Skilmálar.....	38
6	Verndarsvæðið og nógildandi skipulag	40
7	Heimildir.....	41
7.1	Útgefið efni.....	41
7.2	Óútgefið efni	42
8	Myndaskrá.....	43
9	Skrá yfir töflur.....	44

1 Tillaga að verndarsvæði í byggð

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til að afmarkað svæði á Hofsósi, byggðakjarnarnir Plássið og Sandurinn, verði gert að verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og reglugerð nr. 575/2016. Í lögnum er verndarsvæði í byggð skilgreint sem „Afmörkuð byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli laga þessara.“


Með þessari tillögu vill Sveitarfélagið Skagafjörður festa verndun svæðisins í sessi með það að markmiði að framtíðaruppbygging þess taki mið af þeirri menningarsögulegri arfleifð sem svæðið býr yfir.

1.1 Afmörkun verndarsvæðis

Svæðið sem lagt er til að gert verði að verndarsvæði í byggð eru bæjarkjarnarnir Plássið og Sandurinn á Hofsósi. Svæðið er um 3 ha að stærð og afmarkast af Brekkunni að norðan, af brekkubrún Bakkans að austan og sjó og hafnargarði að sunnan og vestan. Nánar verður fjallað um afmörkun svæðisins í kaflanum Landfræðileg lega (2.1.1).

Á verndarsvæðinu standa 15 hús, byggð á tímabilinu 1773 – 2001.

Í framhaldi væri eðlilegt að stækka verndarsvæðið og taka þá byggðakjarnana Brekkuna og Bakkann fyrir. Þá næði verndarsvæðið yfir allan elsta hluta byggðarinnar og þá heild sem gömlu byggðakjarnarnir fjórir mynda. Sú viðbót er ívið stærra svæði en verndarsvæðið nú, eða um 7 ha.




Mynd 1. Afmörkun verndarsvæðisins er sýnd innan rauðrar brotalínu. Gula afmörkunin sýnir hugsanlega stækkun svæðisins. Kort SOS, 2018.

1.2 Verndarsvæðið og nógildandi skipulag

Í *Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021* fellur verndarsvæðið undir þrjá landnotkunarflokka: miðsvæði, hafnarsvæði og óbyggt svæði. Einnig fellur allt verndarsvæðið undir hverfisverndarsvæði sem var samþykkt í aðalskipulaginu í samræmi við deiliskipulag sem gert var í kjölfar húsakönnunar árið 1999.¹

„Hverfisvernd verði á gömlu bæjarhlutunum, Kvosinni, Sandinum, Brekkunni og Bakkanum í samræmi við deiliskipulag af svæðinu sem gert var í kjölfar bæjar- og húsakönnunar árið 1999. Stærð svæðisins 8,5 ha.“²



Mynd 2. Hverfisvernd (græn lína) skv. Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 ásamt afmörkun verndarsvæðis (rauð lína).

¹ *Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021. Greinargerð* (2009), 76.

² *Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021. Greinargerð* (2009), 76.

Í deiliskipulaginu, *Deiliskipulag fyrir Sandinn, Plássíð, Brekkuna og Bakkann* frá 1999, segir að eitt helsta markmið deiliskipulagsins sé „að vernda svipmót og sérkenni hinna 4 sjálfstæðu bæjarhluta, húsgerðir, bæjarmynstur og helstu landslagssérkenni á grundvelli bæjar- og húsakönnunar sem gerð var fyrir þessa bæjarhluta.“³

1.3 Rökstuðningur tillögu að verndarsvæði

Eins og komið hefur fram er hér um að ræða elstu byggðarinar á Hofsósi. Svæðið býr yfir merkilegri sögu lítils þorps sem hafði stórt hlutverk í verslunarsögu Skagafjarðar og jafnframt er hér að finna elstu húsin á Hofsósi. Í húsakönnun sinni frá árinu 1999 kemst Árni Ragnarsson að þeirri niðurstöðu að skilningur íbúa á Hofsósi sé sá „að Plássíð og Sandurinn séu svo vel varðveittar bæjarmyndir að um menningarmínjar sé að ræða og því beri að tryggja þeim vernd ásamt byggð á brekkunum.“ Sömu niðurstöðu má draga af íbúafundum og samtölum við íbúa Hofsóss í tengslum við fyrirhugað verndarsvæði í byggð nú. Það er því sameiginlegur skilningur og mat heimamanna, bæði íbúa og sveitarstjórnar, að þennan mikilvæga bæjarhluta beri að vernda til framtíðar.

1.4 Samráð

Í kjölfar auglýsingar Minjastofnunar eftir umsóknum um styrki til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð, var ákveðið á fundi Byggðaráðs þann 17. ágúst 2016 að sækja um styrk. Minjastofnun samþykkti styrkumsóknina þann 14. september sama ár. Vinna við verkefnið hófst af fullum krafti um miðjan ágústmánuð 2017, en vinna við húsaskráningu var þó hafin.

Þrjár íbúafundir voru haldnir til kynningar og samráðs um verkefnið. Þar að auki var verkefnið kynnt á Atvinnulífssýningu Sveitarfélagsins Skagafjarðar

³ Árni Ragnarsson (1999), 33.

sem haldin var helgina 5. – 6. maí 2018. Verkefnið var með stóran bás og fjölda uppdráttu til sýnis auk myndasýningar frá verndarsvæðunum. Fjöldi fólks staldraði við og forvitnaðist um verkefnið og var reglulega ánægjulegt að sjá hve margir sýndu því áhuga.

Á verkefnatímabilinu hafa starfsmenn verkefnisins farið á fund skipulags- og byggingarnefndar nokkrum sinnum til að veita henni upplýsingar um framgang verkefnisins.

Fyrsti íbúafundurinn var haldinn 30. maí 2018. Fulltrúi Minjastofnunar, Guðný Gerður Guðmundsdóttir, kynnti þau lög, reglugerðir og hugmyndafræði sem unnið er eftir. Á fundinum var einnig farið yfir afmörkun svæðisins, verklag við vinnuna sem framundan var og leitað eftir samráði við íbúa.

Annar fundur var haldinn 17. september 2018. Markmið þess fundar var að fá fram sjónarmið íbúa um svæðið og hvernig þeir vildu sjá það þróast til framtíðar. Þetta var vinnufundur þar sem þátttakendum var skipt upp í hópa og þeir látnir svara fyrirfram ákveðnum spurningum um minni reiti innan verndarsvæðisins. Góðar umræður voru í hópunum og fjöldi nýtsamlegra ábendinga.

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar 5. desember 2018 voru drög að tillögunni kynnt og samþykkti nefndin einróma að auglýsa tillöguna í samræmi við 5. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Á fundi sveitarstjórnar sveitarfélagsins Skagafjarðar, 12. desember 2018, var niðurstaða skipulags- og byggingarnefndar samþykkt samhliða.

Tillaga að verndarsvæði í byggð á Hofsósi var auglýst 1. mars 2019. Hverjum þeim sem töldu sig eiga hagsmuna að gæta og öðrum þeim sem vildu koma sjónarmiðum sínum á framfæri var gefinn kostur á að gera athugasemdir

við tillöguna til föstudagsins 12. apríl 2019. Þriðji og síðasti íbúafundurinn var svo haldinn á auglýsingatímabilinu, nánar til tekið 3. apríl 2019 og var hugmyndin sú að gera fólki kleift að koma með fyrirspurnir og ábendingar á fundinum sjálfum.

Í stuttu máli sagt bárust engar athugasemdir við tillöguna og hafa höfundar greinargerðar ekki orðið varir við annað en jákvæð viðbrögð við tillögunum.

1.5 Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan verndarsvæðis

Ákveðið var að fara þá leið að hafa skilmálana í rýmra lagi og ástæður fyrir því ýmsar; verndarsvæði í byggð skal endurskoða á fjögurra ára fresti og í þessari fyrstu tilraun þótti skynsamlegt að fara varlega af stað og þróa verkefnið heldur áfram eftir því hvernig það gengur. Líklegra þykir að sátt skapist um verkefni sem þetta ef það fær að þróast stig af stigi í samvinnu við íbúa á svæðinu.

Skilmálarnir eru skrifaðir með hugtakið samþætta verndun að leiðarljósi. Þá er áherslan sú að verndun og uppbygging fari saman, breytingar séu þess eðlis að þær styrki byggðina og þá þætti sem varðveislugildi hennar felast í. Því er mikilvægt að líta á þetta verkefni sem lifandi ferli sem breytist samhliða öðrum breytingum og þróun í samfélaginu. Við gerð skilmálanna var farin sú leið að setja fram almenna skilmála sem gilda fyrir allt verndarsvæðið. Þá má finna í 5. kafla greinargerðarinnar.

Hugmyndin er ekki að búa til safn eða að svæðið staðni heldur á bæjarhlutinn að fá að þróast áfram á eðlilegan hátt með samblöndu íbúðabyggðar og verslunar- og þjónustustarfsemi. Niðurstaðan skili sér í sterkum bæjarkjarna með styrkan grunn fyrir búsetu, mannlíf og þjónustu.



Lýsing

Hofsós 1907-1915.

Ljósmyndari Gunhild Augusta Thorsteinsson
Ljósmynd úr safni Þjóðminjasafns Íslands

2 Lýsing á byggð og umhverfi

Í þessum kafla verður verndarsvæðinu lýst og farið yfir staðfræði byggðarinnar, sögu hennar og þróun.

2.1 Saga og þróun byggðar

Saga Hofsóss er samtvinnuð sögu verslunar á Íslandi. Til að byrja með virðist Kolkuós hafa verið aðalverslunarhöfnin í Skagafirði. Kolkuós, eða Kolbeinsáróss, kemur fyrir í Landnámu. Hann kemur einnig fyrir í öðrum heimildum fram yfir siðaskipti. „Þangað var skemmst sjávargatan frá biskupsstólnum á Hólum og þaðan gengu skip þau er Stóllinn átti í förum á miðöldum.“⁴

Á 15. og 16. öld stunduðu Englingar veiðar og verslun við Íslandsstrendur. Af enskum heimildum að dæma hefur Skagafjörður verið einn af viðkomustöðum þeirra.⁵ Að öllum líkindum hefur Kolkuós þá enn verið meginhöfnin í Skagafirði en á 16. öld færir þetta hlutverk yfir á Hofsós.⁶ Fyrsta heimildin um Hofsós sem höfn, er að finna í afgangssreikningi Eggerts Hannessonar hirðstjóra á Íslandi, dagsett 24. júní 1553 en þar segir: „Item opbar iegh aff Henrick Vitte aff Hamborrhig lygendis Ij Hoffsose xxx mark Libs“ í skipatoll.⁷

Upp úr miðri 16. öld fer að bera á viðleitni konungs til að koma Íslandsverslun í hendur Dana. Árið **1564** sveltir konungur Hamborgurum verslun í Hofsós. Konungur gaf þeim að sök „að þeir hefðu haft ranga vog og mæli, flutt skemda vöru til landsins og æst almúgann upp á móti stjórnvöldunum.“ Konungur lét höfnina í hendur Hans Nielsen kaupmanni sínum. Upp frá þessu fer ásókn Dana í íslenska verslun vaxandi. Íslendingar reyndu einnig fyrir sér. Guðbrandur biskup fékk árið 1580 verslunarleyfi

⁴ Hjalti Pálsson (2010), 358.

⁵ Björn Þorsteinsson (1969), 94.

⁶ Páll Sigurðsson (2016), 102.

fyrir sig og Skagfirðinga í Hofsós og keypti 60 lesta skip af Hamborgurum „en það fórst nokkru síðar á útsiglingu, svo fyrirtækinu var þar með lokið.“⁸



Mynd 3. Hluti af Íslandskorti frá 1590. Norðurland.

Hofsóshöfn þótti varhugaverð, oft þurftu skipin að varpa frá sér akkerum þegar þau létu úr höfn en talið er að skipatjón hafi þó verið fremur sjaldgæf. Verslunarstaðurinn var við ós Hofsár sem tilheyrði Hofslandi. Kaupmenn greiddu eiganda Hofs leigu, svokallaða búðaleigu.⁹

⁷ *Diplomatarium Islandicum* XII (1923-1932), 572, 578.

⁸ Jón J. Aðils (1971), 50, 54-55.

⁹ Jón J. Aðils (1971), 291.

Árið 1602 var einokunarverslun innleidd á Íslandi og stóð til 1787 „Með henni var utanríkisverslun komið í fastar skorður.“ Það var fyrirfram ákveðið og skilgreint, upp að vissu marki, hvað yrði flutt inn á hverju ári, hvert verðlagið yrði og hverjar kauphafnirnar væru. Árið 1684 var landinu skipt í kaupsvæði. „Hverri kauphöfn fylgdi ákveðið kaupsvæði.“¹⁰ Kaupsvæði Hofsóshafnar var öll Skagafjarðarsýsla. Mörkin voru þó aldrei mjög glögg. Bændur á austanverðum Skaga sóttu oft verslun í Höfðakaupstað (Skagaströnd) og bændur úr Siglufirði og Héðinsfirði sem áttu að sækja verslun til Akureyrar sóttu til Hofsóss. Þetta skapaði oft á tíðum ágreining á milli kaupmanna og bænda.¹¹ Þetta er þó mjög skiljanlegt. Til dæmis var gat verið erfitt fyrir Skagfirðinga vestan Héraðsvatna að komast yfir vötnin. Virðast stjórnsýslumörk frekar ráðið kaupsvæðunum en landfræðileg lega og tillit til samgangna.



Mynd 4. Helstu kauphafnir á Íslandi á einokunartímanum. Kaupsvæði Hofsóshafnar merkt rauðu. SUP 2018.



Mynd 5. Hluti af korti Niels Horrebow frá 1752. Hofsós merkt sem „slagterhavn“.

„Höfnum á Íslandi var að skift niður í tvo flokka á dögum einokunarverslunar, fiskihafnir og sláturhafnir, eftir aðalafurðunum. Þóttu fiskihafnirnar að jafnaði miklu arðvænlegri en sláturhafnirnar, enda varð mikið kapp um þær í lok 17. aldarinnar og framan af 18. öldinni og hækkaði þá leiga af þeim fram úr öllu hófi.“ Hofsós var sláturhöfn og hefur húsaskipan á kaupstaðnum vafalítið tekið mið af því. „Árið 1706 voru boðnir 400 dalir í Hofsóshöfn, og má af því marka, að hún hefur eigi verið í sérlega miklu álit.“¹²

¹⁰ Hrefna Róbertsdóttir og Eríkur K. Björnsson (1992), 101. Páll Sigurðsson (2016), 103.

¹¹ Jón J. Aðils (1971), 291-292.

¹² Jón J. Aðils (1971), 260, 292.

Þegar Engendingar voru ráðandi í siglingum til Íslands, á 14. og 15. öld, var sjaldgæft að þeir reistu hús á Íslandi í tengslum við verslun sína við Íslendinga. Það er ekki undarlegt þegar haft er í huga að þeir sigldu hingað yfirleitt í óleyfi og seldu beint af skipi á meðan farmur entist. Annað mál var með Þjóðverjana þegar þeir hófu að sigla til Íslands. „Þeir munu einna fyrstir erlendra kaupmanna hafa tekið upp þann sið, að reisa verslunarhús við hafnir þær, er þeir sigldu á, enda komst þá og sú venja á, að sömu mennirnir fengu leyfisbréf fyrir sömu höfnum ár eftir ár.“ Þjóðverjarnir sáu þá hag sinn í því að reisa hér hús. Kaupmennirnir gátu þó aldrei verið vissir um að fá leyfisbréf fyrir sömu höfn til langframa og því hafa húsin vafalítið verið fremur fábrotin.¹³

Elstu verslunarhús Dana á Íslandi hafa eflaust einnig verið fremur einföld gerðar, en eftir að einokunin hófst hafa kaupmenn verið öryggari með að verslun héldist áfram á staðnum og gátu því lagt í meiri kostnað við að koma sér upp aðstöðu við sínar hafnir. Ef kaupmaðurinn, af einhverjum ástæðum, hætti verslun á viðkomandi höfn gat hann selt húsin þeim sem tæki við verslunarstaðnum.¹⁴

Í upphafi einokunartímabilsins hafa eflaust sjaldan verið fleiri en eitt hús við hvern kaupstað en smám saman fór húsunum að fjölga „t.d. fiskgeymsluhús eða fiskverkunarhús við fiskihafnirnar og sláturhús við sláturhafnirnar“.¹⁵ Til að byrja með máttu kaupmenn ekki dvelja á landinu yfir veturinn og var það fyrst og fremst til að aftra þeim að taka þátt í atvinnulífinu á Íslandi. Um miðja 18. öld fer að bera á því að kaupmennirnir hefðu hér einnig vetursetu og sáu Íslendingar nokkra kosti við það fyrirkomulag. Árið 1777 er veturseta

kaupmanna gerð að skyldu.¹⁶ Hefur það vafalítið haft þau áhrif að húsum fjölgar á kaupstöðunum.

Jón J. Aðils taldi öll líkindi á að kaupmenn hafi flutt húsaviðinn til Íslands, tilteglan, „og hlaðið bjálkunum hverjum ofan á annan í veggina að norskum sið.“ Þetta voru traust hús sem gátu átt langan lífdaga ef þeim var vel viðhaldið.¹⁷ Í sama streng tekur Hörður Ágústsson. Hörður greinir mismunandi gerðir timburhúsa í tengslum við mismunandi skeið kaupstaða. Á fyrsta skeiði voru húsin einlyft „með knappri veggghæð en háu söðulrasi, stóðu á lágum steinsettum sökkli, bikuð utan með hvítum gluggum, ósjaldan með hlerum fyrir. Þau voru ýmist byggð með stökkverki, bolverki eða bindingsverki.“¹⁸ Hörður er sammála Jóni um það að húsin hafi flest verið innflutt og bendir því til sönnunar á Espihólsannál en þar segir að árið 1777 hafi stórar „timburstofur“ úr góðum við og borðum verið byggðar handa kaupmönnum „upp á norskan byggingarmáta. Kostuðu sumar þær stofur meir en 1000 rd hver.“¹⁹

Á seinni hluta 18. aldar fara kaupmenn að leggja meira í híbýli sín hér í kaupstöðunum en vafalítið hefur lagasetning um vetursetu kaupmanna haft þar áhrif. „Herbergin eru þá flest máluð eða klædd með snotru veggfóðri, „bíleggjara“-ofnar í skrifstofum og dagstofum, bókunarofn í eldhúsinu og „bísلاغ“ eða skýli fram af útidyrum. Auk þess eru oftast hlerar fyrir öllum gluggum ...“²⁰

¹³ Jón J. Aðils (1971), 299.

¹⁴ Jón J. Aðils (1971), 300.

¹⁵ Jón J. Aðils (1971), 302.

¹⁶ Hrefna Róbertsdóttir og Eríkur K. Björnsson (1992), 101.

¹⁷ Jón J. Aðils (1971), 301.

¹⁸ Hörður Ágústsson (1998), 101.


¹⁹ *Annálar 1400-1800 V.* bindi . Espihólsannáll, 160.

²⁰ Jón J. Aðils (1971), 303.

Af virðingu frá **1761** má lesa að á Hofsósi hafi þá verið eftirfarandi hús: Kaupmanns hús með geymslu, beykishús, sláturhús, gamla búðin, hús undirkaupmanns, kokk-hús og vinnukarla-hús. Hið svokallaða kaupmannshús var að þeirri stærðargráðu að það hlýtur að hafa haft annað hlutverk en að hýsa kaupmanninn en það var 15,13 x 7,6 metrar að stærð.²¹ Ef til vill hefur það verið geymsla eða búð ásamt því að vera híbýli kaupmanns meðan hann dvaldi á landinu. Undirkaupmaðurinn virðist aftur á móti hafa sér hús en oft á tíðum voru undirmenn látnir hafa vetursetu til að passa upp á eignirnar. Af virðingu frá **1774** að dæma hefur þessi húsaskipan haldið sér nokkuð óbreytt.²²

Ef við berum þetta saman við virðingu frá **1861** má sjá svipaða uppröðun: Konungsverslunarhúsið, íbúðarhús Thaae kaupmanns, íbúðarhús Holms, salthús/pakkhús, sláturhús, beykishús, tvö torfhús Eriksen afgreiðslumanns og þurrabúð. Kokkhúsið er ekki lengur talið upp enda dvöldu nú kaupmennirnir á staðnum allt árið um kring og eldhúsið nú hluti af íbúðarhúsum þeirra. Að sama skapi hefur íbúðarhúsi fjölgað um eitt.²³

Varðveist hefur teiknuð mynd af Hofsósi sem birtist í þýsku tímariti og talin vera frá 1857. Sýnir hún ágætlega hvernig kaupstaðurinn hefur litið út um miðja 19. öld og líklega hefur hann verið nokkuð svipaður frá miðri 18. öld til aldamótanna 1900.



Mynd 6. Teiknuð mynd að Hofsósi, frá 1857.

Á 19. öld er fjöldi íbúa á kaupstaðnum Hofsósi í kringum 15 til 20. Þessir íbúar tengdust versluninni. Ef við lítum til að mynda á manntalið 1850 bjuggu 16 manns á Hofsósi. Líklega hafa verið þrjú heimili. Á einu heimilinu bjó þar Níels Havsteen „factor, lifir af höndlun“, ásamt eiginkonu og þremur börnum, einum vinnumanni og tveimur vinnukonum. Á öðru heimilinu bjó Guðmundur Brynjólfsson „þénari við höndlunina“ ásamt eiginkonu og tveimur börnum þeirra, auk einnar vinnukonu. Þá bjó á Hofsósi einnig Thómas Andrés Eiríksen beykir „lifir af launum“, ásamt eiginkonu og vinnukonu.²⁴

²¹ Rigsarkivet. 571 Reviderede. Regnskaber. Handelsregnskaber for de enkelte havne. Hofsøs 1760-1763.

²² Rigsarkivet. 303. Rentekammeret. Taksations- og vurderingsforretninger over handelshuse (Island). 1774.

²³ HSk. 370 fol.

²⁴ Þjóðskjalasafn Íslands - Manntöl. Sótt 12.11.2018.

Tafla 1. Fjöldi íbúa á Hofsósi samkvæmt manntali 1816 til 1890.

Ár	Fjöldi íbúa
1816	15
1835	20
1840	15
1845	15
1850	16
1860	38
1870	21
1880	17
1890	12

Byggðin sem tilheyrði Hofsósi stóð enn að mestu leyti niður í Plássi svokallaða, niður við ósa Hofsár, í kringum verslunarhúsin.




Mynd 7. Hofsós kringum 1890-1900. Ljósmyndari Arnór Egilsson. Úr ljósmyndasafni HSk.

²⁵ Páll Sigurðsson (2016), 108-109.

Á fyrstu árum 20. aldar má sjá nokkra fjölgun íbúa. „Byggðist þessi mannfjölgun einkum á vaxandi umsvifum við fiskveiðar og fiskverkun og á þjónustu tengdri útgerðinni og jafnframt nærsveitunum.“ Á þessu tímabili er Hofsós „höfuðstöðvar vélbátaútgerðar í Skagafirði“. Stutt var á fiskimiðin og góðir sjómenn bjuggu á svæðinu sem öfluðu vel. Hafnaraðstaðan á Hofsósi þótti samt sem áður ekki góð og úrbætur gengu hægt fyrir sig.²⁵

Eftir aldamótin 1900 var notuð á Hofsósi svo kölluð hjólabryggja sem sett var fram með handafli og nauðsynlegt var að taka hana upp ef von var á brimi.²⁶

Tafla 2. Íbúafjöldi á Hofsósi, Hofsóshreppi 1901 til 1950. Tölur frá Hagstofu Íslands.



²⁶ HSk O-11. Hofsóshreppur AG/1.

Fjöldi íbúa á svæðinu fer úr 50 árið 1901 og upp í 150 árið 1912. Árið 1934 nær talan upp í 200 og árið 1948 upp í 250.



Mynd 8. Hofsós 1908-1910. Ljósmyndari Gunhild Augusta Thorsteinsson. Úr safni Þjóðminjasafns Íslands.

Það má sjá á ljósmyndum (sjá mynd 6 og 8) að töluverðar breytingar eiga sér stað á Hofsósi á árunum 1890 til 1915. Af gömlu verslunarhúsunum standa einungis Pakkhúsið og Kornhúsið. Enn standa fáein torfhús í Plássinu, en nú hafa nokkur timburhús bæst við. Á bakkanum eru hús á stangli og greina má þrjú hús eða skúra norðan ár.

Ef litið er á ljósmynd frá 1925 má sjá að Pakkhúsið stendur eitt eftir af gömlu verslunarhúsunum. Enn er nokkuð af torfhúsum, sérstaklega upp á bakkanum og enn hefur bæst við af timburhúsum, flest í minni kantinum.




Mynd 9. Hofsós 1925. Ljósmyndari óþekktur. HSk. Atb 4375.

Árið 1930 var byggð stutt bryggja skammt sunnan við Kaupfélagshúsin í hvamminum. Á tímabilinu 1936-1938 var Norðurgarður Hofsóshafnar byggður.

Hofsóskaupúni og nánasta umhverfi var skipt út úr Hofshreppi og gert að sérstöku sveitarfélagi, Hofsóshreppi, árið 1948.²⁷

²⁷ Páll Sigurðsson (2016), 108-109.

Tafla 3. Íbúafjöldi á Hofsósi, Hofsóshreppi 1950 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.



Enn fjölgaði íbúum og náði tala íbúa á svæðinu nú 300 árið 1954 og hélt íbúafjöldinn í kringum þá tölu allt til seinni hluta 7. áratugarins er íbúum fór að fækka. Tala íbúa náði sér þó aftur á strik kringum 1980 en fór þá aftur að fækka og var komin niður fyrir 250 árið 1988.

Byggðin á Hofsósi færðist enn upp á bakkann til suðurs og flest hús sem byggð eru um og eftir 1950 eru staðsett þar. Þar reis líka helsti þjónustukjarni Hofsóss, til að mynda kaupfélagið, félagsheimilið og grunnskólinn.²⁸

Endurbætur og viðbætur héldu áfram við Norðurgarð hafnarinnar allt til 1996. Árið 1966 hófst bygging Suðurgarðar, sunnan við hvamminn. Garðurinn var byggður í áföngum og var að mestu lokið um 1970.²⁹

²⁸ Ófeigur Gestsson (1987), 53.

²⁹ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 8. HSk. 2132 .4to.



Mynd 10. Hofsós um miðja 20. öld. Ljósmyndari Páll Jónsson. Úr safni HSk.

Árið 1998 voru öll sveitarfélög í Skagafirði, fyrir utan Akrahrepp, sameinuð í eitt sveitarfélag, Sveitarfélagið Skagafjörður.³⁰

³⁰ Páll Sigurðsson (2016), 108-109.


2.2 Staðfræði

2.2.1 Landfræðileg lega

Hofsós er lítill þéttbýlisstaður sem liggur við austanverðan Skagafjörð. Skagafjörður er einn stærsti fjörður landsins, um 40 km langur og 30 km breiður. Hofsós er einn þriggja smærri þéttbýlisstaða í Skagafirði. „Byggðin er beggja megin Hofsár, eða Unadalsár eins og hún nefnist ofar, uppi á brekkubrúnum og framan í hvömmum.“³¹

Verndarsvæði í byggð á Hofsósi tekur yfir hluta elstu byggðarinnar á Hofsósi, þann hluta byggðarinnar sem er næst ósum Hofsár og brekkunni þar sunnan við. Svæðið felur í sér þá byggðakjarna sem í daglegu tali eru nefndir Plássíð og Sandurinn. Elstu byggðakjarnarnir á Hofsósi eru raunar fjórir en afmörkun verndarsvæðisins nú nær aðeins yfir fyrrnefnda tvo hluta.³²

Tvær vegtengingar eru að Hofsósi, báðar um Hofsósbraut (77). Önnur tengist byggðinni frá suðri en hin að norðan. Hofsósbraut tengist Siglufjarðarvegi (76).



Mynd 11. Bæjarhlutar á Hofsósi og vegtengingar. Kort SOS, 2018.

³¹ Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósefsson (1984), 90.

³² Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 8.

2.3 Staðhættir og landslag

Hofsá rennur í gegnum grasi vaxið og bratt gil gegnum verndarsvæðið og fellur til sjávar í lítinn vog fyrir miðju svæðisins. Áin skiptir því svæðinu í tvo hluta, Sandinn og Plássið. Hafið og áin eru þau öfl sem hafa mótað landslag svæðisins að mestu.

Þrátt fyrir smæð svæðanna tveggja er landslag þeirra nokkuð ólíkt; Sandurinn er aðeins mjó og flöt landspilda á milli sjávar og brekku. Sandurinn er strjálbýll og grasi vaxin og brött brekkan ofan við er óbyggð. Plássið er aftur á móti þéttbyggt, flatlent neðst við árósin en brattara þegar brekkan að sunnanverðu tekur við. Byggðin er bæði niðri á flatlendinu og uppi í brekkunni og húsin virðast hafa verið sett niður þar sem ákjósanlegast þótti og pláss leyfði.

Á litlu svæði er landslagið því mjög fjölbreytt og virðist að mestu leyti óspillt. Ekki hefur verið ráðist í mikla landmótun á svæðinu en þar eru hafnarmannvirkin mest sýnileg.



Mynd 12. Horft inn eftir höfninni. GZ 2018.

2.4 Opín svæði og gróður

Innan verndarsvæðisins eru opnu svæðin samkvæmt deiliskipulagi fjaran, brekkurnar og árbakkarnir. Þessi svæði hafa öll á sér náttúrulegan og fremur ósnortinn og óskipulagðan blæ.



Mynd 13. Horft yfir Sandinn og Plássið. Húsið Sandur næst á myndinni. SFA 2018.

Lítið er um trjágróður á svæðinu og líklegt að sjávarselta eigi þar einhvern hlut að máli. Inn á milli sjást þó lágvaxin tré og runnar og limgerði í görðum. Þrátt fyrir þetta hefur landið á sér einstaklega grænan blæ. Einkennandi fyrir svæðið er graslendi ásamt ýmsum innlendum blómplöntum en síðustu ár hefur lúpína og kerfill í auknum mæli sett svip sinn á svæðið.

Gróðurfar hefur því fengið að þróast að mestu óáreitt og án mikilla afskipta mannsins þótt líklegt sé að nú sé svæðið grónara en áður var.



Mynd 14. Hluti af Plássinu og fremsti hluti Bakkans. SFA 2017.

2.5 Aðkomuleiðir og helstu aksturs- og gönguleiðir

Aðkoma að verndarsvæðinu er á þremur stöðum. Aðkoma úr suðri er um Sneiðinginn, að norðan um Hafnarbraut og að austan gengur vegarspotti út frá Norðurbraut og er hann aðkoma að Háaskála. Bæði Sneiðingurinn og Norðurbraut eru brattar þar sem þær koma niður brekkurnar og hér er oft snjópungt á veturna því mikill snjór safnast í gilið.³³

Áður fyrr lá þjóðvegurinn gegnum Plássið, um Sneiðinginn og yfir Hofsárgil og sveigði þaðan til norðurs í átt að Bæ á Höfðaströnd. Nú þjónar Sneiðingurinn aðeins Plássinu og brúin er ekki lengur fyrir akandi umferð. Til að komast akandi niður að höfn, eða á Sandinn þarf að fara nokkurn krók norður fyrir og aka um Norðurbraut. Brúin yfir Hofsá var upprunalega

³³ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 10.

³⁴ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 10.

trébrú, byggð árið 1890. Hún fauk í slæmu veðri og arftaki hennar reis árið 1925 en hún var steinsteypt og stendur enn.³⁴

Byggðin varð til löngu áður en bílar komu til sögunnar og ekki er hægt að aka upp að öllum húsunum. Niðri í plássinu er nokkuð stórt bílastæði og einnig á Sandinum, á milli húsanna þar.³⁵



Mynd 15. Horft niður eftir Bakknum. GZ 2018.

Á svæðinu liggja göngustígar sem tengja kjarnana Plássið og Bakkann og einnig er gönguleið á milli Plássins og Sandsins um gömlu brúna. Aðrar skilgreindar gönguleiðir er ekki að finna á svæðinu þótt vissulega sé gengið um fjöruna og hvammana við ána enda lítið sem heftir för.

Við Háaskála má finna gamlan göngustíg sem liggur upp að húsi sem kallast Bakki og þar liggur hann áfram meðfram húsaröðinni á Bakknum.

³⁵ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 10.

2.6 Örnefni, þar með talin götunöfn

Örnefni á svæðinu eru ekki mörg en aðallega er þar um að ræða heiti á hinum ýmsu hlutum bæjarins.


Hofsós var upphaflega nefnd Hofsárós sem vísar í annað örnefni á staðnum en áin sem rennur í gegnum verndarsvæðið heitir Hofsá. Hofsá á upptök sín inni í Unadalsfrétti og Unadalsjökli, en á leiðinni til sjávar bætist henni liðsauki úr nokkrum þverám og lækjum. Áin heitir Unadalsá meðan leið hennar liggur eftir Unadal, en fær nafnið Hofsá þegar hún kemur niður á Höfðaströnd. Hofsá hefur ekki, ef ráða má af annálafrásögnum, verið eins mannskæð og Grafará.³⁶

Kaupstaðurinn Hofsós er byggður beggja megin árinna, aðallega sunnan við ána. Sá hluti sem er norðan við ána, nefnist venjulega „á Brekkunni“ eða „uppi á Brekkunni“ af því að norðan við ána er há brekka og standa fáein hús uppi á henni. Undir brekkunni standa jafnframt fáein hús og er þar hafnarvæði Hofsós, það svæði er alla jafnan nefnt „Sandurinn“. Rétt norðan við Sandinn, ofan við norðurhafnargarðinn, er síðan horn sem stendur alveg við sjóinn og kallast „Nöf“ en verndarsvæðið afmarkast þar í norðri.³⁷

Byggðin sem stendur sunnan við ána hefur verið nefnt „Plássið“ eða „Staðurinn“ en það tekur á móti fólki þegar ekinn er vegur sem kallast „Sneiðingurinn“. Sá vegur liggur niður af „Bakkanum“ en það kallast í daglegu tali byggðin sem stendur uppi á bakka brúninni og er í raun rétt utan verndarsvæðisins.³⁸

Húsin á svæðinu sunnan við ána, í Plássinu, standa við Suðurbraut en sú gata liggur í gegnum nær allan sunnanverðan kaupstaðinn, hefst um það bil við sundlaugina og endar í Plássinu. Þar hafa húsin ekki götunúmer eins og

venjan er heldur eru þau einungis kennd við nafn sitt, t.d. Baldurhagi við Suðurbraut.³⁹




Mynd 16. Örnefni á Hofsósi. Kort SOS, 2018.

³⁶ Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Hof á Höfðaströnd.

³⁷ Árni Ragnarsson (1999), 9.

³⁸ Árni Ragnarsson (1999), 9.

³⁹ Þjóðskrá Íslands. Sótt 19.11.2018.



Greining

Hofsós 1925

Ljósmyndari óþekktur

Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga

3 Greining á svipmóti byggðar

Hér að framan er saga og þróun byggðar á verndarsvæðinu rakin í stuttu máli. Í framhaldi verður svipmót byggðarinnar greint og rakið hvernig ákveðin tímabil í sögunni hafa sett mark sitt á byggðina eins og hún blasir við í dag.

Hér koma gömul kort og ljósmyndir að miklu gagni þar sem þau sýna vel hvernig byggðin hefur myndast og hvernig staðhættir, bæði landslag og mannvirki, hafa breyst í árunna rás.

Erfitt hefur reynst að finna kort af Hofsósi og það eina sem hefur nýst við þessa vinnu er kort Pálma Einarssonar frá 1934. Sá galli er þó á kortinu að frumútgáfa þess finnst ekki en á útgáfunni sem fannst er búið að rissa inn hugmyndir að framtíðarskipulagi. Svipaða sögu má segja um ljósmyndir af Hofsósi því nokkuð djúpt hefur verið á myndum frá fyrri tíð.



Mynd 17. Brot af korti Pálma Einarssonar af Hofsósi frá 1934.



Mynd 18. Hofsós 1901-1907. Ljósmyndari Hallgrímur Einarsson.



Mynd 19. Mannlíf við höfnina á Hofsósi. SFA, 2018.

3.1 Svipmót landslags

Verndarsvæðið hefur gamalgróið yfirbragð lítills þorps. Það liggur við ósa Hofsár þar sem hún fellur til sjávar um nokkuð bratt og grasi gróið gil. Helstu mótunaröfl landslagsins eru því hafið og áin.



Mynd 20. Hofsós að sumri til. Sandur og Frændgarður í forgrunni. SFA, 2018.

Landslagið er mjög sterkur þáttur í byggðinni með skemmtilegum andstæðum sem hafa sterk áhrif á mörg skilningarvit. Grænar og brattar brekkurnar og hvammarnir í Hofsárgilinu með niðandi Hofsána kallast á við bláma hafsins og öldugjálfríð. Hvammarnir mynda aflokað rými með brekkunum en í hina áttina, til vesturs, er útsýnið óhindrað yfir fjörðinn. Svo má ekki gleyma sterkri tjöruelyktinni af Pakkhúsinu á heitum sumardeggi og lyktinni frá sjónum og fjörunni.

Landslag hefur ekki breyst ýkja mikið frá upphafi byggðar að undanskildum hafnarmannvirkjum.

3.1.1 Sjónásar – útsýnisstaðir - kennileiti

Verndarsvæðið liggur lágt, umlukið háum brekkum að sunnan og norðan sem renna saman við hátt ræsi eða vegg að austan. Þetta ræsi í Hofsárgilinu kom til þegar Norðurbraut var lögð um svæðið og það lokar sjónlínunni til austurs þannig að úr verður aflokað rými eða kvos í gilinu.⁴⁰

Frá verndarsvæðinu er nokkuð takmarkað útsýni til næsta nágrennis. Frá Sandinum eða flatanum í Plássinu sést t.d. ekki í byggðina á Brekkunni og þaðan sést aðeins í fremstu húsaröðina á Bakkanum sem trónir yfir verndarsvæðið. Fjær sést þó í Tröllaskagann í austri og Ennishjúkurinn er mjög áberandi. Til vesturs er útsýnið óhindrað þar til kemur að Tindastóli handan fjarðarins, þar liggur hann 20 km langur og norðan hans Skagafjöllin en sunnan við Staðarfjöll og Sæmundarhlíð.



Mynd 21. Höfnin og Nöf. SFA, 2018.


⁴⁰ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 13.

3.2 Svipmót bygginga

3.2.1 Aldursdreifing

15 hús voru tekin fyrir í þessari húsakönnun. Erfitt er að draga miklar ályktanir út frá tölfræði svo fárra húsa en vert er að skoða nokkur atriði. Fyrir það fyrsta er rétt að skoða hvenær húsin voru byggð. Líta má svo á að byggingarskeiðin séu fjögur.

Tafla 4. Aldursdreifing húsa í Plássinu og á Sandinum.



Eitt hús er frá 18. öld, hið svokallaða Pakkhús, en það er eitt eftir af gömlu verslunarhúsunum frá einokunartímabilinu. Byggingarár þessa húsa er nokkuð á reiki eða frá tímabilinu 1734 til 1777.⁴¹

⁴¹ Sjá t.d. Hörður Ágústsson (1969), 5. Þorsteinn Gunnarsson o.fl. (1991). Hörður Ágústsson (2000), 44. <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/586>.

Um aldamótin 1900 fer íbúum að fjölga á Hofsósi, en fjögur hús eru aldursgreind á tímabilinu 1890 til 1910. Eitt húsið, Baldurshagi, er líklega í grunninn frá 1900 en það var ekki flutt til Hofsóss fyrr en um 1920. Helsta byggingartímabil á svæðinu hefur verið á tímabilinu 1890 til 1930.




Mynd 22. Kort. Aldursgreining húsa. Kort SOS, 2018.

Engin hús eru frá tímabilinu 1931 til 2000 en það hefur vafalaust markast af því að byggingarsvæðið var takmarkað og búið að beina uppbyggingu upp á Bakkann. Upp úr 2000 eru svo byggð þrjú hús en tvö þeirra tengjast uppbyggingu á Vesturfarasetrinu.

3.2.2 Byggingarefni

Timburhúsin eru allsráðandi á svæðinu. Fyrsta steinsteypta húsið sem enn er uppstandandi er byggt árið 1924 (Brattahlíð) og það næsta strax árið eftir (Sæberg). Þriðja steinsteypta húsið (Svalbarð) er svo byggt árið 1930. Steinsteypa var þó gjarnan notuð í undirstöðu timburhúsanna. Húsin sem hafa verið byggð á svæðinu á árabílinu 2000 til 2004 eru öll timburhús.

Tafla 5. Aldursdreifing og byggingarefni húsa í Plássinu og á Sandinum.



3.2.3 Húsagerð

3.2.3.1 Dönsk gerð

Hús danskra kaupmanna, tengd verslun hér á landi, sem reist voru á 18. öld hafa verið skilgreind sem dönsk hús/dönsk gerð. Húsin voru flutt hingað til lands tilniðin og voru byggð úr stökkverki, bolverki eða bindingsverki. Þau

⁴² Guðmundur L. Hafsteinsson (2000), 102.

voru flest einlyft með lágum veggjum en þakið var með háu risi. Veggirnir voru óklæddir eða klæddir slagbili. Þök voru aftur á móti klædd skarsúð eða rennisúð. Húsin voru tjörguð en gluggar hafðir hvítir. Sökkull yfirleitt steinhlaðinn. „Smíði og frágangur húsanna er grófur og án skrauts.“⁴² Íslendingar höfðu þessi hús sem fyrirmynd þegar þeir byggðu sín hús.

Pakkhúsið er eitt þessara húsa sem danskir kaupmenn fluttu hingað til lands tilniðið. Húsið er svokallað stökkahús og eru stökkarnir læstir saman á hornum. Veggir eru án klæðningar. „Gafhlöð eru byggð úr bindingi og klædd reisifjöl. Gluggar á langhliðum eru tveggja ramma með sex rúðum en á gafhlöðum eru einramma gluggar með fjórum rúðum. Á þaki er skarsúð en gafhlöðin eru klædd reisifjöl. Inngangur er á miðri framhlið. Að innan styðja stoðir undir loftbita en engir milliveggir eru í húsinu.“⁴³ Fleiri hús sömu tegundar voru á Hofsósi fram yfir aldamótin 1900 en nú stendur Pakkhúsið eitt eftir. Konungsverslunarhúsið (upprunalega) brann 1907 og Kornhúsið var rífið 1915.



Mynd 23. Pakkhúsið á Hofsósi á tímabilinu 1905-1912. Ljósmyndari Ingrid Hansen. Úr safni HSK.

⁴³ Guðmundur L. Hafsteinsson (2000), 103.

3.2.3.2 Dönsk-íslensk gerð

„Dönsk-íslenskum húsum svipar að stærð og fyrirkomulagi til dönsku húsanna.“ Vegghæð er meiri, sum með miðjukvisti eða eru portbyggð. „Port á húsi nefnist lágur veggur á efstu hæð húsa sem verður til við að veggur nær um 60-120 sm upp fyrir gólfbita og hvíla sperrur á veggnum í stað gólfbita áður. Þannig næst mun betri nýting á efstu hæð húsa.“ Húsin voru yfirleitt grindarhús og með veigameiri sökkli en dönsku húsin áður. Í sumum tilvikum var hlaðinn kjallari undir húsum. „Inngangur er oft á gafli í stað framhliðar.“ Veggir voru klæddir listapili og þök listasúð. „Klæðningin er hefluð, listar oft strikaðir á brúnum og smíðavinnan fíngerðari en á hinum tjöргуðu dönsku húsum ...“⁴⁴



Mynd 24. 1) Sólvangur árið 2018, 2) Sólvangur fyrir miðju og Síða fyrir ofan Sólvang á ljósmynd frá 1923-1930,3) Síða árið 2018.


Á Sauðárkróki er þessi gerð áberandi á húsum sem eru byggð fyrir og um aldamót. Tvö dæmi um dönsk-íslensk hús á Hofsósi myndi helst vera Sólvangur og Síða en þau eru bæði byggð í byrjun 20. aldar. Húsið Sólvangur er byggt árið 1901. Af eldri myndum má sjá að um tíma hefur það haft dæmigerðan miðjukvist á framhlið hússins (vesturhlið). Seinna meir var þessi kvistur stækkaður í ætt við hafnirskan kvist og hefur nokkuð misst svip upprunalegs forms og gerðar. Húsið Síða er byggt 1903. Húsið var og er lítið og einfalt. Það hefur nokkuð haldið lagi sínu þó er búið að setja á það járnklæðningu, breyta gluggum og flytja inngang í viðbyggingu.

⁴⁴ Guðmundur L. Hafsteinsson (2000), 105.

3.2.3.3 Sveitser

Á seinni hluta 19. aldar og fram á 20. öld stunduðu Norðmenn síldveiðar og hvalveiðar á Íslandi. Norskir útgerðarmenn sem dvöldu á Íslandi vegna þessa fluttu með sér norsk sveitserhús og reistu hér á landi. „Framleiðendur húsanna gáfu út auglýsingabæklinga með myndum af húsunum sem íslenskir smiðir notuðu sem fyrirmyndir húsa sem þeir reistu.“ Húsin ganga því einnig undir nafninu katalog-hús. „Einkenni sveitserhúsa er hár og vel gerður sökkull, mikið þakskegg með skrautlega útskornum sperruendum, portbyggð og oftast með rismiklu þaki, skrautlegur umbúnaður glugga og hurða, þakbrúnir og gaflar mikið skreytt, bönd umhverfis húsin við glugga, veggklæðning lárétt, strikuð súð og skífur á þökum í byrjun.“ Yfirleitt var inngangur á gafli. Til að byrja með voru gluggar krosspósta en síðar voru þeir T-laga.⁴⁵

Sandur er ágætt dæmi um íslenskan sveitser. Húsið var byggt árið 1910-1912 og endurgert árið 1995. „Húsið er portbyggð, hæð úr timbri á steyptum kjallara. Vatnasklæðning er á húsinu og nokkuð skraut umhverfis



Mynd 25. Sandur árið 2017. Ljós. SFA.. 2) Sandur ótímasett. Úr eigu Valgeirs Þorvaldssonar.

⁴⁵ Guðmundur L. Hafsteinsson (2000), 109.

glugga, útskorin sökkulbretti og listi undir gluggum og á hornum. Á þaki er bárujár. Gluggar eru ein- og tvíþósta, með 2 og 4 rúðum í ramma.“⁴⁶

3.2.3.4 Norsk-íslensk gerð - Lágris gerð

Hörður Ágústsson benti á í húsakönnun sinni að á Sauðárkróki megi finna „tilbrigði“ við norsk-íslenskan stíl. Stakk hann upp á því að kalla hann „lágris-gerð“. Húsagerð þessi hafi um tíma sett mikinn svip á staðinn. „Hús þessi sverja sig í ætt við norsk-íslensku gerð að því leyti að þau eru á háum sökkli og bera vitni sama snikkaraverks í útfærslu en eru hvorki með porti, háu risi eða kvistum, þau eru óvenjulega ríslág í orðsins réttu merkingu“.⁴⁷ Þessi tegund húsa virðist hafa átt sitt blómaskeið á Sauðárkróki á fyrsta áratug 20. aldar. Tvö hús í Plássinu mætti flokka með þessari tegund húsa. Sérstaklega á þetta við um Baldurshaga sem byggt var 1921 en Ás minnir einnig að nokkru leyti á þessi hús þó það sé að mörgu leyti sérstætt.



Mynd 26. Ás byggt 1923 og Baldurshagi byggt 1921. Ljós. SFA 2018.

3.2.3.5 Alþýðuhús millistríðsára

Á Sauðárkróki virðast lítil einföld timburhús verða áberandi á millistríðsárunum. Þetta eru lítil hús sem mætti segja að tilheyrðu „alþýðustíl“. Sömu áherslur má sjá í Plássinu á Hofsósi nema hér eru byggingarefni steinsteypa jafnt sem timbur.

⁴⁶ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 28.



Mynd 27. Brimnes timburhús byggt 1924, Brattahlíð steinsteypuhús byggt 1924, Sæberg steinsteypuhús byggt 1925. Ljós. SFA 2017-2018.

3.2.3.6 Funksjonalismi

Þar sem meginbyggingarskeiði uppistandandi húsa í Plássinu lýkur um 1930 er ekki að vænta að þar sé að finna yngri stílbrigði húsa. Svalbarð er byggt árið 1930, eitt þriggja húsa, sem er byggt úr steinsteypu. Má greina viss áhrif funksjonalisma. Húsið er einfalt og stílhreint með valmaþaki.



Mynd 28. Svalbarð. SFA, 2018.

⁴⁷ Hörður Ágústsson (1977), 20.

3.2.3.7 Nýleg hús í anda eldri húsa

Á árunum 2000 til 2004 voru reist þrjú hús á skráningarsvæðinu. Þau eiga það öll sammerkt að hafa verið byggð í anda eldri húsa. Frændgarður og Konungsverslunarhús voru byggð 2000 og 2001. Þau voru byggð í anda dönsku húsanna, verslunarhúsa dönsku kaupmannanna, frá 18. öld. Þessar byggingar hafa styrkt svæðið sem áfangastað ferðamanna í tengslum við Vesturfarasetrið. Árið 2004 var húsið Nöf reist í anda íslensks sveitser.



Mynd 29. Konungsverslunarhúsið (2000), Frændgarður (2001), Nöf (2004). Ljós. SFA 2017-2018.

3.3 Ráðandi þættir

Í bæjar- og húsakönnun frá 1999 er lagt fram það mat að það sé einkennandi fyrir gömlu byggðina að „hér eru fá regluleg göturými“. Vegurinn niður Sneiðinginn ásamt brúnni og leiðinni upp brekkuna að norðan, var hluti þjóðvegjarins en einnig innanbæjargata. Mörg hús í Plássinu liggja út að götunni „en aldrei svo skipulega að eiginlegt rými myndist. Eiginlega er réttara að ræða um bæjarmyndir á Hofsósi, frekar en götumyndir/rými.“⁴⁸

Í Plássinu er byggð sundurleit en stendur þétt saman undir og utan í brekkunni. Pakkhúsið stendur niður við ána og kallast á við nýlega byggt hús, Konungsverslunarhúsið. Pakkhúsið og Baldurshagi eru áberandi og kalla á athygli. Segja má að Braut, Brimnes og Sæberg myndi ákveðna heild

milli Sneiðings og fjöru. Sólvangur og Baldurshagi mynda svo tengingu milli þessarar heildar við heildarbyggðina í Plássinu.⁴⁹



Mynd 30. Plássið. GZ, 2018.

Varla er hægt að tala um bæjarmynstur við Sandinn. Húsin Sandur og Frændgarður standa saman vestan við ána en í það mikilli fjarlægð við hvort annað að þau standa stök „í fallettri umgjörð brekku, fjöru og hafnar“.⁵⁰ Nöf stendur eitt hátt, líkt og viti, á áberandi stað, ofan við höfnina.




Mynd 31. Sandurinn. GZ, 2018.

⁴⁸ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 22.

⁴⁹ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 22-23.

⁵⁰ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 22-23.



Mynd 32. Húsagerð. Kort SOS, 2018.



Mat

Hofsós 1940-1950
Ljósmyndari Páll Jónsson
Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga

4 Varðveislumat og verndarflokkar

Verndarflokkarnir sem horfa þarf til eru tvenns konar, annars vegar út frá lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og hins vegar út frá varðveislumati samanber leiðbeiningar Minjastofnunar um verndarsvæði í byggð.

4.1 Verndarflokkar samkvæmt lögum um menningarminjar

Í lögum um menningarminjar eru að finna ákvæði um verndun húsa, mannvirkja eða leifa þeirra.

4.1.1 Staða verndunar húsa


Á svæðinu voru 15 hús tekin til mats og 10 þeirra njóta lagalegrar verndar nú þegar, samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar nr. 80/2012 eða eldri lögum.

Þessi vernd er þrenns konar og skilgreinist svona:

- **Friðlýst hús**
Friðlýst hús samkvæmt ákvörðun ráðherra.
- **Friðuð hús**
Hús sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði. Hér er miðað við árið 1918.
- **Umsagnarskyld hús**
Hús sem hvorki eru friðlýst né friðuð en byggð árið 1925 eða fyrr. Skyld er að leita álits minjastofnunar ef á að breyta þessum húsum, flytja þau eða rífa.

Staða verndunar húsa á skráningarsvæðinu er há. Eitt húsanna, Pakkhúsið, er friðlýst. Fjögur húsanna eru friðuð (Braut, Sólvangur, Síða, Sandur) því þau hafa náð 100 ára aldri. Fimm húsanna eru umsagnarskyld því þau eru byggð árið 1925 eða fyrr (Baldurshagi, Ás, Brimnes, Brattahlíð, Sæberg). Þá eru einungis fimm húsanna sem ekki falla undir nein sambærileg

lagaákvæði. Tvö þeirra eru byggð 1928-1930 (Háiskáli, Svalbarð) og þrjú þeirra á tímabilinu 2000-2004 (Frændgarður, Konungsverslunar-húsið, Nöf). Í núgildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og deiliskipulagi frá 1999 þá fellur skráningarsvæðið undir hverfisverndarsvæði þar sem lögð er rík áhersla á að halda svipmóti gamla bæjarhlutans.⁵¹



4.1.2 Staða verndunar fornleifa

Í 3. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) er eftirfarandi skilgreining á fornleifum: *Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.*

⁵¹ Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021, 76.

Öll mannvirki, 100 ára og eldri, sem flokkast undir fornleifar, friðlýstar sem aðrar fornleifar, hljóta sjálfkrafa vernd í krafti aldurs. Þ.e. enginn má „... hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Landeigendur og ábúendur skulu hlúa að fornleifum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist.⁵²

Fornleifum fylgir 15 metra friðhelgað svæði. Ef minjarnar eru friðlýstar skal fylgja þeim 100 metra friðhelgað svæði.

Í nýlegri fornleifaskráningu voru 40 minjar skráðar á umræddu svæði (Plássið og Sandurinn). 35 minjar, eða 87,5% eru horfnar af yfirborði. Af þeim fimm sem eftir eru er ein sem flokkast sem fornleifar samkvæmt fyrrgreindum lögum og nýtur verndar vegna aldurs en það er steinn með áletrun (1887-25).



Mynd 33. Brú frá 1925. GZ, 2018.



Mynd 34. Steypt mannvirki við Pakkhús. GZ, 2018.

Hinar minjarnar eru yngri mannvirki en flestar þeirra munu falla undir aldursákvæðið innan fárra ára. Þar má fyrst nefna brúna en hún var byggð árið 1925 en einnig eru steypt mannvirki í grennd við Pakkhúsið og tengdist sláturhúsi sem var þar staðsett frá árinu 1920 og rafstöð frá því um 1931.

Engar friðlýstar fornleifar er að finna á svæðinu.

⁵² Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

4.2 Verndarflokkar – verndarsvæði í byggð

Til grundvallar mati á varðveislugildi húsa og svæða eru eftirfarandi:

- Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021
- Deiliskipulag fyrir Plássið, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi, 2000
- Hofsós. Bæjar- og húsakönnun. Brekkan, Sandurinn, Plássið, Bakkinn, 1999.
- Grafarós og Hofsós, fornleifaskráning 2001
- Verndarsvæði í byggð – Hofsós fornleifaskráning 2018
- Húsakönnun Hofsóss. Plássið og Sandurinn, 2018

Við mat á varðveislugildi svæða er svokölluð SAVE aðferð notuð sem byggir á að meta eftirfarandi fimm gildi:

- byggingarlist/lístrænt gildi
- menningarsögulegt gildi
- umhverfsgildi
- upprunalegt gildi
- ástand

Í leiðbeiningum Minjastofnunar kemur fram að gildin skuli metin innbyrðis og afstaða tekin til vægis hvers þeirra. Stundum geti byggingarlistarlegt gildi vegið þungst eða eða menningarsögulegt gildi, en umhverfsgildi getur líka vegið þungt í þeim tilvikum þar sem heildin hefur gildi umfram einstaka byggingar. Varðveislugildi svæða getur flokkast sem hátt, miðlungs eða lágt.

Varðveislugildi húsa og mannvirkja eru einnig metin út frá SAVE-aðferðinni og sömu fimm gildin metin en þá fyrir hvert einstakt hús eða mannvirki og vega sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis þyngst.

Varðveislugildi húsa og mannvirkja flokkast sem hátt, miðlungs eða lágt og skilgreinist svona:


- Hátt varðveislugildi: Friðlýst hús og önnur hús með ótvírætt varðveislugildi
- Miðlungs varðveislugildi: Friðuð hús með lítið eða miðlungs varðveislugildi og önnur hús með miðlungs gildi
- Lágt varðveislugildi: Hús sem ekki falla undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi



Mynd 35. Svalbarð og Konungsverslunarhús. GZ, 2018.

4.2.1 Varðveislugildi húsa


4.2.1.1 Byggingarlist, listrænt gildi



Meirihluti húsa, eða 73%, fær miðlungs einkunn fyrir listrænt gildi. Um 20% fær háa einkunn. Pakkhúsið, Sandur og Baldurshagi fá hér hæstu einkunnir, einkum fyrir að vera góðir fulltrúar fyrir mismunandi byggingarstíla.

Í heild sinni ber svæðið svip bæjar sem hefur verið í byggð lengi. Fyrir vikið sjáum við mismunandi dæmi um byggingarlist og stíla sem tími og tíska hafa mótað í gegnum tíðina. Plássið er með takmarkað rými fyrir byggingar. Þegar eldri hús hurfu gaf það tækifæri til að setja niður ný hús með nýrri tækni og nýjum svip. Það er því erfitt að skipta svæðinu frekar niður eftir byggingarstílum og tímabilum.


4.2.1.2 Menningarsögulegt gildi



67% húsanna fá miðlungs eða hátt fyrir menningarsögulegt gildi, um 47% frá miðlungs einkunn og 20% fá háa einkunn eða þrjú hús. Þetta eru Pakkhúsið, Sandur og Baldurshagi. Bæði Pakkhúsið og Sandur skipa stóran sess í verslunarsögu Skagafjarðar. Pakkhúsið er reist á 18. öld og er einn af fáum minnisvörðum einokunarverslunar á Íslandi. Sandur er mun yngri en húsið var reist árið 1910. Það var lengi í eigu Kaupfélags Austur-Skagfirðinga og nýtt í þágu þess. Í dag er þar starfrækt Vesturfarasetur með upplýsingaþjónustu svo menningarhlutverk hússins hefur haldið sér. Baldurshagi er áhugavert hús, talið vera reist 1921 en á líklega mun lengri sögu að baki þar sem húsið er byggt úr viðum eldra húss. Vert væri að rannsaka það hús mun betur. Í heild sinni er svæðið með frekar hátt menningarsögulegt gildi. Hofsós á langa sögu sem verslunarstaður Skagfirðinga, allt til 16. aldar. Tekist hefur að varðveita hluta af þessari sögu með varðveislu Pakkhússins. Nýbyggingar eru láttnar ríma við þessa sögu


sem gefur gestum bæjarins þá tilfinningu að hér sé um gamlan bæ að ræða með mikla sögu að baki sér.

4.2.1.3 Umhverfisgildi




Umhverfisgildi svæðisins er mjög hátt. Um 67% húsa fá hátt umhverfisgildi og 33% fá miðlungs umhverfisgildi. Ekkert húsanna var talið hafa lágt umhverfisgildi, þ.e. að það myndi spilla umhverfi eða skyggja á ásýnd húsa. Töluvert hefur verið unnið í því að bæta ásýnd bæjarins, eldri hús hafa verið gerð upp og ný hús á svæðinu taka mið af þeirri byggð sem fyrir var.

4.2.1.4 Upprunalegt gildi



Upprunalegt gildi fyrir húsin á svæðinu er frekar hátt. 40% húsa er með miðlungs gildi og 53% er með hátt gildi. Hér er miðað við hvort það sé búið að breyta húsinu mikið frá því það var byggt. Nýleg hús, eins og Nöf, Konungsverslunarhús og Frændgarður fá fyrir vikið hátt. Horft var einnig til þess ef hús voru endurgerð hvort þær endurbætur væru í takt við upprunalegt form og útlit húsanna. Hér fá til dæmis Pakkhúsið og Sandur háa einkunn en endurgerð þeirra miðaði að því að ná hinu upprunalega útliti.

4.2.1.5 Ástand



40% húsanna fengu miðlungs ástandseinkunn og 60% háa einkunn. Alla jafna eru húsín í þokkalegu ástandi eða góðu. Ekkert hús fékk lága einkunn. Undanfarin ár hafa eigendur húsa á svæðinu lagt nokkurn metnað í viðhald húsa. Nokkur hús þurfa þó bráðlega á viðhaldi að halda.



Mynd 36. Horft yfir Plássið í átt að Sandi. GZ, 2018.

Byggingarár	Svæði/Hús	Listrænt gildi	Menningarsöguleg gildi	Tæknilegt ástand	Umhverfisgildi	Upprunalegt gildi	Varðveislugildi
1	Plássið	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	HÁTT
1773	Pakkhús	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt	Hátt
1890	Braut	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Lágt	Miðlungs
1901	Sólvangur	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
1903	Síða	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
2001	Konungsverslunarhús	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs
1921	Baldurshagi	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt	Hátt
1923	Ás	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
1924	Brimnes	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Miðlungs
1924	Brattahlíð	Miðlungs	Lágt	Hátt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs
1925	Sæberg	Miðlungs	Lágt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
1928	Háiskáli	Lágt	Lágt	Hátt	Miðlungs	Miðlungs	Miðlungs
1930	Svalbarð	Miðlungs	Lágt	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs
2	Sandurinn	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	HÁTT
2000	Frændgarður	Miðlungs	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt	Miðlungs
1910	Sandur	Hátt	Hátt	Miðlungs	Hátt	Hátt	Hátt
2004	Nöf	Miðlungs	Lágt	Hátt	Miðlungs	Hátt	Miðlungs

4.2.2 Varðveislugildi fornleifa

Á þeim hluta verndarsvæðisins sem er utan ár eru engar minjar sýnilegar aðrar en gata [1887-12] ofan Gamla kaupfélagshússins (Vesturfaraseturs) og steypdur kantur og tröppur sem lágu niður að Gamla sláturhúsinu [1887-37], sem byggt var um 1930. Við ána austan sláturhússins eru svo vel varðveittar leifar varnargarðs [1887-38] á vesturbakka Hofsár. Vegna hafnar-, bygginga- og vegaframkvæmda er ólíklegt að miklar minjar finnist þar óhreyfðar í jörðu.



Mynd 37. Varnargarður (1887-38). GZ, 2018.

Bogabrá [1887-11] frá 1925 tengir svæðin tvö saman. Hún er farin að láta nokkuð á sjá og þarfnast viðgerðar.




Mynd 38. Bogabrá (1887-11). GZ, 2018.

Á svæðinu austan ár, niðri í kvosinni þar sem kauptúnið var, er fátt sem minnir á gamla kaupskapartíð, nema gamla Pakkhúsið. Steinsteypdur grunnur undan rafstöð [1887-36] sem reist var norðan Pakkhússins 1931 er enn til staðar og búið að setja ofan á hann útsýnispall úr timbri. Undir grunninum kunna að vera einhverjar leifar hlaðins brúarstólpa gömlu brúarinnar [1887-11] sem byggð var 1890. Einnig er þar útfall úr aðrennsluskurði að rafstöðinni.

Grjóthlaðinn varnargarður [1887-35] neðan við húsin Brimnes og Sæberg er ekki ýkja gamall, reistur eftir 1950 en er hafður með í skránni þar sem hann er hluti af þeim landbreytingum sem urðu eftir að sjóhúsin við Sæberg voru rifin.

Steinninn austan Pakkhússins eru einu fornleifarnar skv. laganna hljóðan sem enn eru á svæðinu en hann liggur ekki á upprunalegum stað og því ekki vísbending um jarðlægar minjar. Reikna má með að einhverjar minjar kunni að leynast í jörðu, s.s. leifar eldri bygginga eða annarra mannvirkja. Sé hinsvegar, litið til þess hversu umfangsmiklar bygginga- og vegaf framkvæmdir hafa farið fram á svæðinu verður að teljast ólíklegt að heildstæðar byggingaleifar sé þar að finna óraskaðar.



Mynd 39. Steinn með áletrun. GZ, 2018.

Verndargildi minjanna telst í meðallagi, því þótt fátt sé eftir af mannvistarleifum frá elstu tíð eru minjarnar sem enn eru til staðar vitnisburður um sögu iðnaðar, verslunar og sjósóknar við Hofsós og


órjúfanlegur hluti þeirrar heildar sem byggðin innan skráningarsvæðisins er.



Mynd 40. Grjóthlaðinn varnargarður [1887-35]. GZ, 2018.



Mynd 41. Gata ofan Frændgarðs. GZ, 2018.



Mynd 42. Yfirlitskort yfir fornminjar. Staðsetning lögð yfir loftmynd. Kort GZ, 2018.


4.3 Niðurstöður varðveislumats

Það svæði sem er afmarkað sem verndarsvæði í byggð á Hofsósi er fremur lítið og erfitt að skipta því niður í marga reiti. Ákveðið var að láta hefðbundna skiptingu bæjarhluta heimamanna ráða afmörkun reita, þ.e. annars vegar Sandurinn og hins vegar Plássíð. Báðir reitir fá hátt varðveislugildi vegna heilda. Það mat byggist að mestu leyti á varðveislugildi núverandi byggðar og landslags enda lítið um fornleifar. Heimildir um horfnar minjar eru þó nokkrar og fær svæðið því miðlungs varðveislugildi fyrir fornleifar, sérstaklega Plássíð. Horfnar minjar gefa okkur vísbendingu um ríka og gamla sögu á svæðinu en einnig eru líkur á að minjar finnist í jörðu.

Ekkert hús fékk lágt varðveislumat. Töluvert hefur verið gert til að hlúa að húsunum í Plássinu og á Sandinum sem hefur skilað sér í fallegu svipmóti gamla bæjarhlutans. Tólf hús voru metin með miðlungs varðveislugildi. Tekin var sú ákvörðun að setja nýlegu húsin undir þann hatt þó þau væru í góðu ástandi og hefðu hátt umhverfisgildi. Það er auðvitað álitamál hvernig eigi að meta nýleg hús byggð í stíl eldri húsa. Þrjú hús fengu hátt varðveislumat en það er Pakkhúsið, Baldurshagi og Sandur. Pakkhúsið er eina húsið sem fær hátt gildi fyrir alla fimm þættina sem eru metnir og er jafnframt eina húsið á verndarsvæðinu sem er friðlýst í nýlegri húsakönnun er lagt til að kannað verði hvort vert sé að friðlýsa Sand. Þessu til stuðnings má vitna í bæjar- og húsakönnun frá 1999 sem lýsir húsinu og umhverfi þess svo:

Hvað byggingarlist varðar er Sandur eitt vandaðasta húsið á Hofsósi og í bæjarbyggingarlegu tilliti stendur það fallega, næstum listilega, á mjórri landræmu milli fjöru og brekku.⁵³

Þá er rétt að rannsaka sögu Baldurshaga betur. Mögulega er hér hús með mun eldri minjar en ætla mætti út frá rituðum heimildum. Bæði eru munnlegar heimildir til um flutning hluta hússins frá Grafarósi og svo eru viðir í kjallara sem eru fornlegir að sjá.



Mynd 43. Niðurstöður varðveislumats. Kort SOS, 2018.

⁵³ Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson (1999), 28.

5 Verndun og uppbygging

5.1 Möguleikar til uppbyggingar

Allt svæðið, báðir byggðakjarnarnir Sandurinn og Plássið eru skilgreindir sem varðveisluverð heild með hátt varðveislugildi. Á svæðinu eru engar lausar lóðir og svigrúm til uppbyggingar því harla lítið og byggðin hefur að því leyti náð þolmörkum sínum. Hins vegar eru ýmsir möguleikar til umhverfisbóta og fegrunar svæðisins. Einnig er mikilvægt að skilgreina hvernig við viljum sjá svæðið þróast til framtíðar, bæði hvað varðar skipulag og starfsemi.

5.2 Skilmálar

Verndarsvæði í byggð skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosninum. Það þýðir að þeir skilmálar sem settir eru fram hér eru ekki endanlegir heldur geti þeir tekið breytingum.

Deiliskipulag frá árinu 1999 tekur yfir verndarsvæðið og að auki byggðakjarnana Brekkuna og Bakkann sem liggja að verndarsvæðinu að norðan og sunnan. Við gerð þessara skilmála hér var því horft til skipulagsskilmálanna sem settir eru fram í deiliskipulaginu. Í 1. mgr. 9. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87 / 2015 segir:

„Sveitarstjórn skal tryggja að ákvörðun ráðherra um verndarsvæði í byggð endurspeglar í skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélagsins.“

Skilmálarnir sem hér eru settir fram eru nokkuð rýmri en skipulagsskilmálar deiliskipulagsins sem eru öllu ítarlegri. Ákveðið hefur verið að hafa skilmála verndarsvæðisins eins rúma og kostur er, en þó innan þess ramma sem ákvæði laga um verndarsvæði í byggð kveða á um. Það er talið farsælla að

verkefni sem þetta fái að þróast stig af stigi í samvinnu við íbúa á svæðinu. Þegar nýtt deiliskipulag á svæðinu verður unnið, eða núverandi skipulag endurskoðað, verður þess gætt að þær áherslur sem fram koma hér í verndaráætlun fyrir verndarsvæðið endurspeglar í því.

Skilmálarnir eru skrifaðir með hugtakið samþætta verndun að leiðarljósi. Það þýðir að verndun menningarsögulegrar byggðar felist í því að verndun og uppbygging fari saman. Það merkir sem sagt ekki að engu megi breyta í eldri byggð heldur skuli breytingar innan verndarsvæðis miða að því að styrkja þá þætti byggðarinnar sem varðveislugildi hennar felast í. Niðurstaðan skili sér í sterkum byggðakjarna með styrkan grunn fyrir búsetu, mannlíf og þjónustu.

Það er mikilvægt að líta á þetta verkefni sem lífandi ferli sem breytist samhliða öðrum breytingum og þróun í samfélaginu. Hugmyndin er ekki að búa til safn eða að svæðið staðni heldur á byggðakjarninn að fá að þróast áfram á eðlilegan hátt með samblöndu íbúðabyggðar og verslunar- og þjónustustarfsemi.

Markmið með skilmálunum er að tryggja að byggðinni verði ekki spillt og varðveislugildi hennar þar með rýrt. Í Leiðbeiningariti Minjastofnunar kemur fram að mikilvægt sé að skilgreina reiti, lóðir og byggingar sem eru í hættu vegna slæms viðhalds, vanrækslu eða er ógnað vegna þrýstings um uppbyggingu eða samræmist ekki markmiðum um verndun byggðarinnar. Brýnt er að stýra því hvernig svæðið þróast og laga þá þróun að því sem vilji er til að vernda.⁵⁴

⁵⁴ Guðný Gerður Gunnarsdóttir (2017), 16.

ALMENNT:

- Við allar framkvæmdir innan svæðisins skal leggja áherslu á gæði byggingarefna og vandaðan frágang.
- Öll uppbygging húsa, mannvirkja og umhverfi þeirra og almenningsrýma skal stuðla að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Sögulegum einkennum skal viðhaldið og þau dregin fram og samræma skal umfang og útlit bygginga og mannvirkja.

UMHVERFI:

- Öll landmótun á svæðinu skal falla vel að umhverfi og staðháttum og miða að því að styrkja svipmót byggðarinnar. Leggja skal áherslu á að það sérstaka svipmót og landslag, sem svæðið býr yfir, haldist.
- Smærri mannvirki í almenningsrýmum eins og grindverk, girðingar, listaverk, skilti og öll götugögn almennt skal velja af vandvirkni og gæta þess að þau falli vel að heildarásýnd byggðarinnar og stríði ekki gegn staðháttum, umhverfi og menningarsögulegum einkennum.
- Götur og bílastæði skal fella eins vel að umhverfi og kostur er og forðast að leggja stór svæði undir bílastæði. Reynist það nauðsynlegt skal brjóta þau upp með einhverjum hætti, t.a.m. gróðri, grashellum eða slíku.
- Leggja skal áherslu á almennar umhverfisbætur, bæði á einkalóðum sem og í almannarými
- Malarborin og óhirt svæði þarf að skipuleggja og betrubæta
- Gönguleiðir skal byggja upp með öryggi vegfarenda að leiðarljósi og vanda efnisval og frágang þannig að útlit þeirra falli vel að svipmóti byggðarinnar og nánasta umhverfi. Gróður á almenningsrýmum skal falla vel að umhverfi og staðháttum og taka mið af því sem fyrir er.
- Girðingar á lóðamörkum eru heimilar en leggja skal inn umsókn þess efnis fyrir Skipulags- og byggingarnefnd.

BYGGINGAR:

NÝBYGGINGAR

Hér er ekki gert ráð fyrir nýbyggingum enda svæðið fullnýtt. En skapist þær aðstæður skulu þær hafa sterka sögulega skírskotun til bygginga í nágrenni hvað varðar útlit, stærð, hlutföll og byggingarefni.

- Nýbyggingar skulu miða að því að styrkja heildarásýnd svæðisins. Þær skulu falla vel að umhverfi og staðháttum og virða menningarsöguleg einkenni byggðarinnar og samræmast henni eins og kostur er hvað varðar umfang, útlit og efnisval.
- Heimilt er að flytja eldri hús á auðar lóðir og eiga sömu skilmálar við þau og nýbyggingar hvað varðar útlit, eins og fram kemur hér að framan.
- Þar sem nýjar byggingar rísa skal vandlega gætt að sjónlínunum innan byggðarinnar og staðsetja byggingar þannig að þær styrki byggðina.
- Heimilt er að byggja við hús ef nauðsynlegt er til þess að það nýtist og skal heildarstærð húsbyggingar taka mið af skilgreindu nýtingarhlutfalli lóðar.
- Viðbygging skal að gerð, stærð og efnisvali falla vel að húsinu og ekki breyta ríkjandi svipmóti þess og þess gætt að viðbyggingar verði ekki ríkjandi húshlutar.

VIÐHALD

- Við breytingar og viðhald húsa skal leitast við að vernda gerð þess og sérkenni og færa útlit þess nær upprunalegri mynd.
- Þar sem byggingar hafa verið gerðar upp eða viðhaldið í upprunalegri mynd, eða sem næst því, skal þess gætt að endurbætur miði að því að viðhalda núverandi gerð og útliti.

6 Verndarsvæðið og núgildandi skipulag

Samkvæmt 9. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 skal sveitarstjórn tryggja að ákvörðun ráðherra um verndarsvæði í byggð endurspeglar í skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélagsins.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 fellur verndarsvæðið undir þrjá landnotkunarflokka: miðsvæði, hafnarsvæði og óbyggt svæði.

Einnig fellur allt verndarsvæðið undir hverfisverndarsvæði sem var samþykkt í aðalskipulaginu í samræmi við deiliskipulag sem gert var í kjölfar húsakönnunar árið 2000:


„Hverfisvernd verði á gömlu bæjarhlutunum, Kvosinni, Sandinum, Brekkunni og Bakkunum í samræmi við deiliskipulag af svæðinu sem gert var í kjölfar bæjar- og húsakönnunar árið 2000. Stærð svæðisins 8,5 ha.“⁵⁵

Deiliskipulag fyrir Sandinn, Plássið, Brekkuna og Bakkann (1999)

Í deiliskipulaginu segir að eitt helsta markmið þess sé:

„að vernda svipmót og sérkenni hinna 4 sjálfstæðu bæjarhluta, húsgerðir, bæjarmynstur og helstu landslagssérkenni á grundvelli bæjar- og húsakönnunar sem gerð var fyrir þessa bæjarhluta.“⁵⁶

Þær áherslur sem finna má um verndarsvæðið í ofangreindum skipulagsáætlunum eru þær sömu og unnið er með hér í tillögu að verndarsvæði í byggð. Í hverfisverndinni og deiliskipulaginu er svæðið þó



Mynd 44. Afmörkun verndarsvæðisins sýnd á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags

skilgreint stærra því, eins og áður hefur verið nefnt, eru byggðakjarnarnir Brekkann og Bakkinn teknir þar með. Í framhaldi væri eðlilegt að taka þessa byggðakjarna og vinna verndaráætlun fyrir þá líka og þar með væri búið að vinna sams konar verndaráætlun fyrir allan elsta hluta þorsins.

⁵⁵ Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021. Greinargerð (2009), 76.

⁵⁶ Árni Ragnarsson (1999), 33.

7 Heimildir

7.1 Útgefið efni

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021. Greinargerð. Sótt af <https://www.skagafjordur.is/static/files/Adalskipulag/greinargerð-adalskipulag-skagafjardar-2009-2021.pdf>.

Annálar 1400-1800 V. bindi. (1988). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. IX. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

Árni Ragnarsson. (1999). *Deiliskipulag fyrir Plássíð, Sandinn, Brekkuna og Bakkann á Hofsósi – Greinargerð*. Sveitarfélagið Skagafjörður.

Áslaug S. Árnadóttir og Árni Ragnarsson. (1999). *Hofsós. Bæjar- og húsakönnun. Brekkan – Sandurinn – Plássíð – Bakkinn*. Húsafriðunarnefnd ríkisins og Sveitarfélagið Skagafjörður.

Björn Þorsteinsson. (1969). *Enskar heimildir um sögu Íslendinga á 15. og 16. öld*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XII. bindi. (1923-1932). Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.

Gísli Gunnarsson. (1987). *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*. Reykjavík. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Guðmundur L. Hafsteinsson. (2000). „Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970“, *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins. Bls. 87-181.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. (2017). *Verndarsvæði í byggð – tillaga að greinargerð*. Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands. Sótt af: http://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaedi_greina_rgerd_leidbeiningar_utgafa1_03032017.pdf

Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. (1997). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hjalti Pálsson (ritstjóri). (2010). *Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga.

Hrefna Róbertsdóttir og Eiríkur K. Björnsson. (1992). Timburhús fornt. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1992*. 89. árg. Bls. 99-133.

Hörður Ágústsson. (1969). Varðveizlugildi húsa. *Sveitarstjórnarmál*. 29. árg., 1. hefti. Bls. 3-12.

Hörður Ágústsson. (1998). *Íslensk byggingararfleið. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. I. bindi. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Illustrirte Zietung nr. 749. 7. nóvember 1857.

Jón J. Aðils. (1971). *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787*. Önnur útgáfa. Reykjavík: Heimskringla.

Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Minjastofnun Íslands. (e.d.). Friðlýst hús og mannvirki. Sótt af: <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/nordurland-vestra/nr/586>.

Ófeigur Gestsson. (1987). Hofsóshreppur. *Sveitarstjórnarmál* 47. árg. 2. tbl. Bls. 52-56.

Ólafur Olavius. (1964). *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand* I. bindi. Reykjavík: Bókfellisútgáfan Hf.

Páll Sigurðsson. (2016). *Skagafjörður austan Vatna. Frá Hjaltadal að Úlfsdölum. Árbók Ferðafélags Íslands 2016*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016.

Steindór Steindórsson og Þorsteinn Jósepsson. (1984). *Landið þitt Ísland H – K*. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.

Þjóðskjalasafn Íslands. (2018). Manntöl [upplýsingar um ábúendur á Hofsósi]. Sótt af <http://manntal.is/>.

Þjóðskrá Íslands. (e.d). Upplýsingar um götuheiti á Hofsósi. Sótt af <https://skra.is/>.

7.2 Óútgefið efni

HSk. 370 fol. Handrit Jóns Jónssonar á Hofi á Höfðaströnd. Gögn vegna lóðaleigu: Leigusamingur Jacobs Holms og Holms og Johans Christians Jacobsens um lóð þá sem heildsali Thaae átti á Hofsósi. Skjal dagsett 30. október 1861. Skjal varðveitt á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.

Rigsarkivet. 571 Reviderede. Regnskaber. Handelsregnskaber for de enkelte havne. Hofsøs 1760-1763.

Rigsarkivet. 303. Rentekammeret. Taksations- og vurderingsforretninger over handelshuse (Island). 1774.

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Hof á Höfðaströnd.

Þorsteinn Gunnarsson, Søren Vadstrup og Bragi Þór Haraldsson. (1991). *Þakkhúsið á Hofsósi. Endurbætur*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

8 Myndaskrá

Mynd 1	Afmörkun verndarsvæðisins er sýnd innan rauðrar brotalínu. Gula afmörkunin sýnir hugsanlega stækkun svæðisins. Kort SOS, 2018.	Bls. 2
Mynd 2	Hverfisvernd (græn lína) skv. Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 ásamt afmörkun verndarsvæðis (rauð lína).	Bls. 3
Mynd 3	Hluti af Íslandskorti frá 1590. Norðurland. Íslandskort Abraham Ortelius. Heimild: https://islandskort.is/is/map/show/2 . Sótt 17.10.2018.	Bls. 6
Mynd 4	Helstu kauphafnir á Íslandi á einokunartímanum. Kaupsvæði Hofsóshafnar merkt rauðu. Heimild: Gísli Gunnarsson. (1987). Kort, SUP 2018.	Bls. 7
Mynd 5	Hluti af korti Niels Horrebow frá 1752. Hofsóss merkt sem „slagterhavn“. Heimild: https://islandskort.is/is/map/show/570 . Sótt 10.10.2018.	Bls. 7
Mynd 6	Teiknuð mynd að Hofsósi, frá 1857. Heimild: Illustrerte Zietung nr. 749. 7. nóvember 1857, bls. 308.	Bls. 9
Mynd 7	Hofsós kringum 1890-1900. Ljósmyndari Arnór Egilsson. Úr ljósmyndasafni HSk. Heimild: Úr safni Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. IS HSk N00061-A-1.	Bls. 10
Mynd 8	Hofsós 1908-1910. Ljósmyndari Gunhild Augusta Thorsteinsson. Úr safni Þjóðminjasafns Íslands. Heimild: Þjóðminjasafn Íslands. GTh-4.	Bls. 11
Mynd 9	Hofsós 1925. Ljósmyndari óþekktur. Heimild: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. HSk. Atb 4375.	Bls. 11
Mynd 10	Hofsós um miðja 20. öld. Ljósmyndari Páll Jónsson. Heimild: Héraðsskjalasafn Skagfirðinga. HSk. PJ 3989.	Bls. 12
Mynd 11	Bæjarhlutar á Hofsósi og vegtengingar. Kort SOS, 2018.	Bls. 13
Mynd 12	Horft inn eftir höfninni. GZ 2018.	Bls. 14
Mynd 13	Horft yfir Sandinn og Plássíð. Húsið Sandur næst á myndinni. SFA 2018.	Bls. 14
Mynd 14	Hluti af Plássinu og fremsti hluti Bakkans. SFA 2017.	Bls. 15
Mynd 15	Horft niður eftir Bakkanum. GZ 2018.	Bls. 15
Mynd 16	Örnefni á Hofsósi. Kort SOS, 2018.	Bls. 16
Mynd 17	Brot af korti Pálma Einarssonar af Hofsósi frá 1934.	Bls. 18
Mynd 18	Hofsós 1901-1907. Ljósmyndari Hallgrímur Einarsson.	Bls. 18
Mynd 19	Mannlíf við höfnina á Hofsósi. SFA, 2018.	Bls. 18
Mynd 20	Hofsós að sumri til. Sandur og Frændgarður í forgrunni. SFA, 2018	Bls. 19
Mynd 21	Höfnin og Nöf. SFA, 2018.	Bls. 19
Mynd 22	Aldursgreining húsa. Kort SOS, 2018.	Bls. 20
Mynd 23	Pakkhúsið á Hofsósi á tímabilinu 1905-1912. Ljósmyndari Ingrid Hansen. Úr safni HSk.	Bls. 21

Mynd 24	1) Sólvangur árið 2018, ljósm. SFA; 2) Sólvangur fyrir miðju og Síða fyrir ofan Sólvang á ljósmynd frá 1923-1930; 3) Síða árið 2018, ljósm. SFA.	Bls. 22
Mynd 25	Sandur árið 2017. Ljós. SFA.. 2) Sandur ótímasett. Úr eigu Valgeirs Þorvaldssonar.	Bls. 22
Mynd 26	Ás byggt 1923 og Baldurshagi byggt 1921. Ljósm. SFA 2018.	Bls. 23
Mynd 27	Brimnes timburhús byggt 1924, Brattahlíð steinsteypuhús byggt 1924, Sæberg steinsteypuhús byggt 1925. Ljósm. SFA 2017-2018.	Bls. 23
Mynd 28	Svalbarð. SFA, 2018.	Bls. 23
Mynd 29	Konungsverslunarhúsið (2000), Frændgarður (2001), Nöf (2004). Ljósm. SFA 2017-2018.	Bls. 24
Mynd 30	Plássíð. GZ, 2018	Bls. 24
Mynd 31	Sandurinn. GZ, 2018	Bls. 24
Mynd 32	Húsagerð. Kort SOS, 2018.	Bls. 25
Mynd 33	Brú frá 1925. GZ, 2018.	Bls. 28
Mynd 34	Steypt mannvirki við Pakkhús. GZ, 2018.	Bls. 28
Mynd 35	Svalbarð og Konungsverslunarhús. GZ, 2018.	Bls. 29
Mynd 36	Horft yfir Plássíð í átt að Sandi. GZ, 2018.	Bls. 32
Mynd 37	Varnargarður (1887-38). GZ, 2018.	Bls. 34
Mynd 38	Bogabré (1887-11). GZ, 2018.	Bls. 34
Mynd 39	Steinn með áletrun. GZ, 2018.	Bls. 35
Mynd 40	Grjóthlaðinn varnargarður [1887-35]. GZ, 2018.	Bls. 35
Mynd 41	Gata ofan Frændgarðs. GZ, 2018.	Bls. 35
Mynd 42	Yfirlitskort yfir fornminjar. Staðsetning lögð yfir loftmynd. Kort GZ, 2018.	Bls. 36
Mynd 43.	Niðurstöður varðveislumats. Kort SOS, 2018.	Bls. 37
Mynd 44	Afmörkun verndarsvæðisins sýnd á þéttbýlisuppdrætti Aðalskipulags	Bls. 41

9 Skrá yfir töflur

Tafla 1	Fjöldi íbúa á Hofsósi samkvæmt manntali 1816 til 1890.	Bls. 10
Tafla 2	Íbúafjöldi á Hofsósi, Hofsóshreppi 1901 til 1950. Tölur frá Hagstofu Íslands. Heimild: hagstofa.is. Sótt 10.10.2018.	Bls. 10
Tafla 3	Íbúafjöldi á Hofsósi, Hofsóshreppi 1950 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands. Heimild: hagstofa.is. Sótt 10.10.2018.	Bls. 12
Tafla 4	Aldursdreifing húsa í Plássinu og á Sandinum.	Bls. 20
Tafla 5	Aldursdreifing og byggingarefni húsa í Plássinu og á Sandinum.	Bls. 21



Unnið fyrir
Sveitarfélagið Skagafjörð

2018